

# Fréttabréf AFLs

6. tbl. 2016

Dreift um allt Austurland



Til góðra verka

Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs, í ræðustól á 42. þingi ASÍ. Lengst til hægri er Pálína Margeirsdóttir, ritari stjórnar AFLs, en hún var þingritari. Nánar er fjallað um þingið á blaðsíðu 2 í fréttabréfinu. Mynd: ASÍ.



## SALEK – leið til framtíðar eða?

**SALEK-samkomulagið sem gert var haustið 2015 og fjallar í stuttu máli um að launahækkanir til allra hópa á vinnumarkaði séu þær sömu – þ.e. að launaþróun allra hópa frá 2013 til 2018 yrðu þær sömu og er grundvallarskilyrði að lífeyrisréttindi yrðu jöfnuð, þ.e. að stefnt yrði að jöfnun lífeyrisréttinda almenns launafólks á við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna.**

Var þar aðallega horft til þess að opinberir starfsmenn geta hafið töku lífeyris fyrr en almennt launafólk, að móttframlag ríkis- og sveitarfélaga er hærra en á almennum vinnumarkaði og að ríkisábyrgð er á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna.

### Átti að hætta höfrungahlaupinu

SALEK-hugmyndin gengur út á að aðilar vinnumarkaðar og stjórnvöld meti svigrúm til launahækkana og horfi þá til framleiðniaukningar og hagvaxtar og síðan fari einhver einn hópur – sem á Norðurlöndunum er yfirleitt hópur launafólks í

útflutningsiðnaði – og geri nýjan kjarasamning þar sem launahækkunarir eru innan þessa svigrúms.

Með þessu væri gefið „merki“, þ.e. launahækkanir þessa hóps myndu verða ráðandi fyrir allar aðrar launahækkanir á vinnumarkaði. Þetta módel gerir engu að síður ráð fyrir að einstaka hópar – aðallega á fyrirtækjagrunni – gætu samið um meiri hækkanir enda væru þá sérstakar aðstæður til staðar hjá viðkomandi fyrirtækjum.

Kostir við þetta fyrirkomulag yrðu þeir að minni hætta væri á að einstaka hópar sæki meiri hækkanir en almennt launafólk eða að hið svokallaða „höfrungahlaup“ framkalli skriðu launahækkana sem ekki sé innistæða fyrir og þannig verðbólgu.

### Enn tortryggni

Það er þó veruleg tortryggni víða í samfélaginu varðandi þetta fyrirkomulag.

Í fyrsta lagi miðar módelið við að einhver sátt sé um innbyrðis afstöðu launahópa eins og hún var 2013 og af fréttum um málefni kennara er

ljóst að sú sátt er ekki fyrir hendi. Í öðru lagi er bent á að með þessu væri verið að festa innbyrðis launahlutföll í sessi og að erfitt yrði fyrir einstaka stéttir að sækja sér kjarabætur umfram aðrar.

Þá er og bent á að fráleitt sé að kenna launakostnaði um verðbólgu-myndun og bent á síðastliðin tvö ár þar sem verulegar kauphækkanir hafa verið en á sama tíma lítill sem engin verðbólga enda sé innstreymi fjármagns verulegt og verðbólgu-hvati lítill.

Þá er og bent á að hætta sé á því að staða einstakra stéttarféлага veikist mjög enda myndi hinn almenni félagsmaður ekki skynja áhrif sín á kjarabaráttu og mótun samningsmarkmiða því þröngur hópur fólks myndi skilgreina „samningssvigrúm“ og einn hópur eða jafnvel eitt stéttarfélag myndi síðan semja um „merkið“.

### Samningum sagt upp í febrúar?

42. þing Alþýðusambandsins ályktaði um SALEK og þar kemur

fram, og jafnframt kom skýrt fram í umræðum, að Alþýðusambandsfélögin munu ekki taka þátt í SALEK-samkomulagi til framtíðar ef það skerði samningsrétt og frelsi einstakra félaga. Það er því vand séð hvernig unnt verður að koma á þessu samningamódeli því án þess að binda félögin innan þess getur hvert og eitt félag í raun brotist undan „merkinu“ ef samningsstaða þess er nógu sterk.

Samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda tókst ekki og einstök sambönd og félög opinberra starfsmanna gengu frá því borði í haust. Á Alþingi var ekki unnt að ganga frá lífeyrisfrumvarpi sem m.a. hefði létt ríkisábyrgð af opinberu sjóðunum og óvíst er hvort það næst fyrir áramót. Kennarar eru í fjöldauppsögnum og í þriðju vinnudeilunni á stuttum tíma.

Það virðist því nokkuð ljóst að kjarasamningum verður sagt upp í febrúar næstkomandi og ný vinnudeila hefst – enda SALEK nokkuð fjarri í augnablikinu.

# Einkavæðingu heilbrigðiskerfis hafnað!

## 42. þing ASÍ fjallaði m.a. um heilbrigðismál, menntamál og húsnæðismál

42. þing Alþýðusambands Íslands fór fram í Reykjavík 26.-28. október sl. AFL Starfsgreinafélag átti 13 fulltrúa á þinginu frá öllum deildum félagsins. Hér verður tæpt á nokkru af því helsta frá þinginu.

### Vinumarkaðsmál

Þinginu var ætlað að fjalla um vinnumarkaðsmódel – hið svokallaða SALEK-samkomulag en þegar nær dró þingi var ljóst að Salek-samkomulagið var í uppnámi, bæði þar sem ekki hafði náðst sátt um jöfnun lífeyrisréttinda gagnvart stórum opinberum stéttarfélagum, og eins hins að þar sem þessi sátt hafði ekki náðst stefndi í að iðgjaldagreiðslur til t.d. lífeyrissjóða sveitarfélagastarfsmanna myndu hækka verulega um áramótin. Þar með væri komin forsenda fyrir upp-sögn kjarasamninga í febrúar þar sem SALEK gengur út á að meta allan launakostnað – þ.m.t. greiðslur til lífeyrissjóðs – til jafns er litið er til launahækkana.

Þingið fjallaði engu að síður um vinnumarkaðsmál og ályktaði:

### Ályktun 42. þings ASÍ um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga

42. þing Alþýðusambands Íslands bendir á þá staðreynd að grunnur að nýju íslensku samningalíkani verður ekki unninn við núverandi aðstæður. Til þess þarf lengri tíma og dýpri umræður. Eigi að breyta og bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga þurfa að vera til staðar forsendur sem hægt er að vinna út frá.

Skapa þarf traust og sameiginlegan skilning milli vinnumarkaðarins alls og stjórnmalanna á markmiðum og tilgangi breytinga með almannahagsmunum að leiðarljósi. Þetta þarf að gera með gagnsæjum hætti í samtali og samvinnu á breiðum grunni með sem viðtækastri þátttöku bæði innan hreyfingar og utan.

Þing ASÍ áréttar þá stefnu sambandsins að umræðan hvíli á núverandi skipulagi hreyfingarinnar þar sem kjarasamningsumboðið á hverjum tíma liggur hjá stéttarfélagunum sjálfum sem er ein af þeim grundvallarforsendum sem ný íslensk samningsgerð þarf að hvíla á.

Þingið leggur áherslu á að stjórnmalin syni í verki vilja til þátttöku í að breyta vinnubrögðum í íslensku efnahagslífi með því að axla sinn hluta ábyrðarinnar á hinum efnahagslega- og hinum félagslega stöðugleika og viðurkenningu samhengi þessara þátta og aðkomu

verkalýðshreyfingarinnar að umræðunni um þá.

Með sama hætti þarf að tryggja að aukinni verðmætasköpun þjóðarinnar sé skipt með sem jöfnustum hætti og nýttist til að bæta lífskjör almennings. Þá leggur þingið áherslu á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í öruggum skrefum til lengri tíma sem styður við samkeppnisstöðuna.

### Áherslur ASÍ eru:

- Að skapa traustar undirstöður undir félagslegan- og efnahagslegan stöðugleika þannig að hægt verði að byggja hér upp varanlega aukinn kaupmátt og bæta lífskjör.
- Að lífeyrisréttindi verði jöfnuð á milli opinbera- og almenna vinnumarkaðarins.
- Að jafnræði verði milli hópa varðandi launapróun og kynbundnum launamun verði útrýmt.
- Að lagður verði grunnur að forsendum kjarasamninga með það að meginmarkmiði að kaupmáttaraukning verði jöfn og stöðug.
- Að hagræðing í rekstri fyrirtækja skili sér til starfsmanna í hærri launum.
- Að trúnaðarmannakerfið verði stóreflt með aukinni þekkingu og fræðslu og aðgengi stéttarfélaganna að fyrirtækjum þar sem ekki eru starfandi trúnaðarmenn verði betur tryggt.

### Húsnæðismál, heilbrigðismál og velferðarmál

Þingfulltrúar á þingi ASÍ höfnuðu alfarið einkavæðingu heilbrigðisþjónustu og í ályktun þingsins sagði m.a.:

42. þing Alþýðusambands Íslands beinir því til stjórnvalda að beita sér fyrir samfélagsáttmála um heilbrigðisþjónustu með skýrri framtíðarsýn um að heilbrigðisþjónusta hér á landi verði í fremstu röð. Í þeirri framtíðarsýn komi skýrt fram að allir landsmenn hafi aðgengi að heildstæðri heilbrigðisþjónustu sem nái til allra þátta líkamlegrar og andlegrar heilsu, þar með talið sálfræðiþjónustu, tannlækninga, endurhæfingar og lyfja. Þá er brýnt að bæta verulega þjónustu við aldrada og langveika og efla þjónustuúrræði sem mæta þörfum þessara hópa. Til þess að þetta geti orðið þarf að auka verulega fjárveitingar til heilbrigðis- og öldrunarmála og gera raunhæfar áætlanir til framtíðar. Þingið áréttar að draga þarf verulega úr kostnaðarþátttöku sjúklinga



þannig að efnahagur komi aldrei í veg fyrir að fólk geti leitað sér lækninga og sótt sér nauðsynleg lyf. 42. þing Alþýðusambands Íslands hafnar frekari einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og telur siðlaust að ráðstafa fjármunum sem veitt er til heilbrigðismála, til arðgreiðslna. Alþýðusambandið leggur þunga áherslu á að uppbyggingu nýs Landspítala verði hraðað eins og kostur er. Þá verði þyrilþjónusta Landhelgisgæslunnar styrkt og tryggt að landsmenn allir hafi viðunandi aðgengi að sérfræðiþjónustu, m.a. með raunhæfri niðurgreiðslu á ferðakostnaði. Þingið beinir því til miðstjórnar ASÍ að skipa aðgerðahóp til að útfæra og fylgja þessum tillögum eftir á fyrstu mánuðum nýrrar ríkisstjórnar.

Það var mikill hiti í þingfulltrúum er kom að umræðu um húsnæðismál enda ljóst að t.d. ungt fólk á mjög erfitt með að koma sér upp húsnæði – leigumarkaður á höfuðborgarsvæðinu kominn að stórum hluta inn í ferðamannaíðnaðinn og húsnæðisverð mjög hátt. Þá kom fram hjá mörgum þingfulltrúum að greiðslumatskerfið er allt of strangt og heldur fólki föstu á leigumarkaði þar sem það fær ekki greiðslumat til kaupa á íbúð með mun lægri greiðslubyrði en leigan er sem það borgar fyrir leiguíbúð.

Þing Alþýðusambandsins ályktaði um húsnæðismál:

42. þing Alþýðusambands Íslands krefst þess að ráðist verði gegn bráðavanda á húsnæðismarkaði. Ríki og sveitarfélög þurfa nú þegar að beita sér fyrir því að hafin verði bygging þúsunda íbúða til að mæta uppsafnaðri þörf. Jafnframt þarf að tryggja framlög til að fjölga íbúðum fyrir tekjulægri heimili í nýja almenna íbúðakerfinu um a.m.k. 1.000 á ári næstu árin. Þannig verði lagður grunnur að langtímauppbyggingu á öflugum, sjálfbærni leiguíbúðakerfi þar sem húsnæðisöryggi íbúa er tryggt. Þingið leggur áherslu á að viðurðanlegur húsnæðiskostnaður er forsenda félagslegs- og fjárhagslegs öryggis. Taka þarf á háum vaxtakostnaði íslenskra heimila, auka stöðugleika húsnæðisstudnings og tryggja að leigjendur og fasteignakaupendur sitji við sama bord. Auðvelda þarf ungu fólki fyrstu kaup og

þeim sem ekki eiga eignir fyrir að komast inn á fasteignamarkaðinn m.a. með því að hvetja til húsnæðisparnaðar og endurskoða greiðslumatsferlið. Í dag eru margir í þeirri stöðu að greiða húsaleigu sem er mun hærri en greiðslugeta þeirra samkvæmt greiðslumati segir til um.

### Kjör í miðstjórn

Fyrir utan tillögu uppstillinganefndar til miðstjórnar barst framboð úr sal. Sverrir Albertsson, fulltrúi AFLs, fékk örugga kosningu í miðstjórn og formaður AFLs, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, var kjörin varamaður í miðstjórn. Hjördís er jafnframt varaformaður Starfsgreinasambands Íslands.

Sverrir tók til máls í umræðu um vinnumarkaðsmál í upphafi þings og varaði sérstaklega við að ekki mætti skerða sjálfstæði einstakra verkafélagsfélaga í SALEK-vegferðinni en Hjördís tók til máls undir liðnum önnur mál og fjallaði um svikastarfsemi í atvinnurekstri, kennitölufلاك og brot á launafólki.

### Þingfulltrúar AFLs:

- Grétar Ólafsson, Sjómannadeild
- Sigurður Hólm Freysson,
- Iðnaðarmannadeild
- Pálína Margeirsdóttir,
- Verkamannadeild
- Sverrir Mar Albertsson,
- Verkamannadeild
- Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir,
- Verkamannadeild
- Kristrún Björg Gunnarsdóttir,
- Verkamannadeild
- Sverrir K. Einarsson,
- Verkamannadeild
- Steinunn Zoëga,
- Verkamannadeild
- Reynir Arnórsson,
- Verkamannadeild
- Kristján Magnússon,
- Verkamannadeild
- Gunnhildur Imsland,
- Verkamannadeild
- Valgeir Sveinn Eypórsson,
- Verkamannadeild
- Lars Jóhann Andrésson,
- Verslunarmannadeild

Yngsti þingfulltrúi AFLs, Valgeir Eypórsson, er 23 ára gamall og hefur hann tekið þátt í starfi ASÍ ung fyrir hönd AFLs ásamt Karen Sif Randversdóttir.

# Hvað felst í samningi sjómanna?

**Kjarasamningur milli sjómanna og útvegsmanna var undirritaður þann 14. nóvember s.l. en þá hafði verkfall sjómanna staðið í 3 daga. Samningurinn gildir frá og með 1. nóvember 2016 til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Hér á eftir verður farið yfir helstu atriði nýs samnings.**

## Hækkanir

Kauptrygging og kaupliðir hækka til samræmis við þær hækkanir sem orðið hafa á almennum vinnumarkaði frá því kjarasamningar losnuðu í ársbyrjun 2011. Starfsaldursálag og tímakaup reiknast út frá kauptryggingunni og hækkar því í sama hlutfalli og kauptryggingin.

## Reiknað í brúttórúmllestum

Samkvæmt gildandi kjarasamningi miðast skiptatöflur allra veiðigreina við stærð skipa í brúttórúmllestum. Hætt er að nota þessa mælieiningu við mælingu íslenskra skipa og eru skip eingöngu mæld í brúttótonnum. Útgerðarmenn skipa sem samningurinn nær til skuldbinda sig til að kaupa brúttórúmllestamælingu fyrir þau skip sem ekki hafa þá mælingu fyrir. Sú mæling verður skráð í íslensku skipaskrána. Þetta ætti að koma í veg fyrir ágreining um hvaða skiptakjör skuli gilda á einstökum skipum.

## Oliuverð

Samningurinn hækkar viðmið olíuverðs á heimsmarkaði sem ákvarðar skiptaverð í kjarasamningnum í samræmi við erlenda verðbólgu frá því kjarasamningur var síðast undirritaður í desember 2008. Við hækkan á viðmiðinu hækkar skiptaverðið þegar olíuverð er lágt.

## Skiptakjör á frystitogurum

Gerð er breyting á skiptakjörum á frystitogurum þegar fjöldi í áhöfn fer umfram 27 menn (að aðstoðarmatsveini frátöldum). Þetta breytir ekki skiptakjörum á frystitogurum þar sem almennt eru 25-26 menn í áhöfn þeirra skipa í dag. Von er á stærri og öflugri skipum í flotann sem fullvinna afurðir í meira mæli en nú er gert. Þar geta orðið 32 til 36 menn í áhöfn og er breytingin gerð til að mæta fjölgun í áhöfn umfram 27 menn.

## Hlífðarföt, nýsmíðaálag og orlofsréttur

Svokallað „nýsmíðaálag“ fellur brott þann 1. desember 2030.

Hlífðarfátapeningar hækka um 130% og verða 11.400 kr. á mánuði á öllum skipum nema frystitogurum

en þar verða hlífðarfátapeningarnir 30% hærrí og fara í 14.900 kr. á mánuði.

Bætt er við orlofsgreininna ákvæði um að skipverji sem hefur áunnið sér aukinn orlofsrétt hjá einni útgerð öðlist réttinn aftur eftir 3 ár hjá nýjum vinnuveitanda.

## Sjómannadagsfrí

Nýtt ákvæði um að á veiðum með línu á útilegu og á togskipum 39 m og styttri heimili útgerð og áhöfn að semja um frí á föstudaginn langa og páskadag færast að sjómannadagshelginni. Semjist um þetta verður frí um sjómannadag 5 sólarhringar í stað 3ja sólarhringa.

## Hafnarfrí á humarveiðum

Heimilt er SFS vegna einstakra útgerða og stéttarfélagum viðkomandi skipverja að semja um að hafnarfrí verði tekin í frítúrum á humarveiðum. Í slíkum samningi skal kveðið á um að tekið verði upp skiptimannakerfi þannig að hver skipverji vinni að jafnaði 22 daga í hverjum mánuði en eigi frí aðra daga mánaðarins. Fiskist ekki fyrir kauptryggingu í mánuðinum skal greiða hverjum skipverja kauptryggingu miðað við fullan mánuð enda hafi viðveruskylda skipverjans verið 22 dagar í mánuðinum. Heimilt er skipverjum í samráði við útgerð að ákveða jafnaðarlaunakerfi samhliða því að slíkt skiptimannakerfi er tekið upp.

## Kauptrygging mánaðarlega

Lagfært er orðalag varðandi sektarákvæðið vegna brota á kjarasamningi. Í framkvæmd hefur ákvæðinu í flestum tilvikum verið beitt með þeim hætti sem nú er sagt í ákvæðinu.

Samið er um að kauptryggingin verði greidd mánaðarlega en samkvæmt gildandi ákvæði eiga skipverjar rétt á að fá kauptryggingu greidda vikulega. Ákvæðið heimilur skipverja að semja um annað fyrirkomulag en að kauptrygging verði greidd mánaðarlega.

Séu í gildi sérsamningar er áréttað að sé í gildi samningur milli útgerðar og áhafnar (staðfestur af stéttarfélagi) verði nýjum mönnum gerð grein fyrir að þeir gangi inn í þann samning enda sé þeim kynntur hann.

## Fiskverð

Samið er um að fiskverð taki mið af markaðsverði og afurðaverði. Markmiðið er að verð á slægðum þorski verði 80% af meðalverði fiskmarkaðanna síðustu þrjú mánuði og mun verðið fylgja breytingu á markaðsverði og er þá stuðst við þriggja



mánaða meðalverð á síðustu þremur mánuðum á fiskmörkuðunum frá þar síðustu þremur mánuðum. Auk þess er fylgst með afurðaverði og eru þar vegnar saman vísitölur afurðaverðs vegna landfrystingar, söltunar og ferskra afurða. Þetta er gert til að tryggja að ef verð á fiskmörkuðunum lækkar þó afurðaverð sé að hækka eða öfugt að þá sé hægt að grípa inn í og leiðrétta. Þetta á að tryggja að hráefnishlutfall í slægðum þorski sé sem næst 55% af afurðarverði.

Varðandi uppsjávarfiskinn er skerpt á upplýsingagjöf frá fyrirtækjunum og hún samræmd þannig að hægt sé að bera verð einstakra fyrirtækja saman og grípa inn í ef verð hjá einhverju fyrirtæki vikur óeðlilega frá því sem er réttmætt.

## Athugun á hvíldartíma

Fram fer athugun á mönnum og hvíldartíma á íslenska fiskiskipflotanum. Lögd er áhersla á að setja í forgang uppsjávarflotann og ísfisktogara. Á uppsjávarskipunum verður skiptaprósenta hækkuð ef fækkað er niður í 8 menn og verður sú hækkan tímabundin þar til könnuninni er lokið. Þá verður samið að nýju á grundvelli könnunarinnar.

Samningsforsendur eru þær sömu og gilda á almennum vinnumarkaði, þannig að breytist samningsforsendur á almennum markaði þannig að gera þurfi lagfæringar á samningnum koma þær breytingar einnig til sjómanna.

## Bókanir

1. Aðilar eru sammála um að skoða lög og reglur sem gilda um dagpeninga og það skattalega hagræði sem þeir gætu veitt. Miða skal við að skipulagsbreyting þessi leiði ekki til kostnaðarauka fyrir útgerðina.

2. Í kjaraviðræðunum var mikið rætt um fækkun um borð í skipunum undanfarið og þá sérstaklega um borð í uppsjávarveidiskipunum og fyrirhugaðar fækkanir í áhöfnum

ísfisktogara. Til að mæta kröfu samtaka sjómanna um að setja botn í fækkunina var ákveðið að fá Samgöngustofu til að gera athugun á mönnum og hvíldartíma sjómanna. Í forgang er að skoða mönnum og hvíldartíma á uppsjávarveidiskipum og ísfisktogurum, síðar á öðrum fiskiskipum. Gert er ráð fyrir að samgöngustofa stýri verkefninu í samstarfi við samningsaðila. Að lokinni þessari úttekt liggur niðurstaða til að ræða mönnum þessara skipa út frá staðreyndum.

3. Samningsaðilar munu yfirfara allan samninginn, einfalda og færa til nútímans. Vonast er til að þessi vinna skili sér þannig að auðveldara verði að semja aftur að samningstímanum loknum. Mikilvægt er að þessi bókun komi til framkvæmda og munu samningsaðilar vinna í textanum á samningstímanum. Vonast er til að þetta verði til þess að auðvelda að leysa úr ágreiningsmálum milli samningsaðilanna.

4. Samningsaðilar eru sammála um að vinna að því að aðlagða réttindumhverfi slysa- og veikindaréttar í skiptimannakerfum. Á síðastliðnum árum hefur aukist verulaga að settar hafi verið skiptimannaáhafnir á skip enda hefur það skapað betra starfsumhverfi um borð og innan fyrirtækjanna. Þannig er markmið aðila að tryggja réttindumhverfi skipverja og útgerða í skiptimannakerfum.

## Atkvæðagreiðsla um samninginn.

Atkvæðagreiðsla um samninginn stendur til hádegis þann 14. desember næstkomandi. Atkvæðagreiðsla er rafræn og atkvæði talin sameiginlega hjá öllum aðildarfélagum Sjómannasambands Íslands sem að samningnum standa.

Verkfall hefst að nýju þann 14. desember n.k. kl. 20:00 verði samningurinn felldur.

## Atkvæðagreiðsla stendur yfir um nýgerðan kjarasamning sjómanna við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

Atkvæðagreiðslan er rafræn og greidd eru atkvæði á heimasíðu félagsins [www.asa.is](http://www.asa.is) eða [www.ssi.is](http://www.ssi.is). Við skráningu inn á svæðið er hægt að nota rafræn skilríki, íslykil eða lykilorðið sem kom í pósti með kynningarefninu.

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni og bent er á að hægt er að fá aðstoð á næstu skrifstofu félagsins fyrir þá sem þess þurfa og hafa þá meðferðis lykilorðið, íslykilinn eða rafræna skilríkið.

## Greiðslur í verkfalli sjómanna.

Þeir sjómenn sem ætla að sækja um verkfallsbætur er bent á að umsóknareyðublað til þess er á slóðinni <http://www.asa.is/images/stories/UmsoknaEydublodPdf/Verkfallsjodur.pdf>

Greiðslur til sjómanna í verkfalli þeirra verði með eftirfarandi hætti:

Greidd verði kauptrygging háseta frá og með öðrum (virkum) degi verkfalls og deilist hún á virka daga með eftirfarandi hætti:

Greiddar verða 10.800 krónur hvern virkan dag sem félagsmaður er í verkfalli.

Greitt verður 20% álag á þá daga sem félagsmaður skráir sig á verkfallsvakt. Skráning á verkfallsvakt fer fram á næstu skrifstofu félagsins.

Einungis verður greitt fyrir þá daga sem sannanlega falla niður úr vinnu og verkfallið tekur til en ekki fyrir þá daga sem mögulega sé stunduð önnur launavinna.

## Aðalfundur sjómannadeildar AFLs Starfsgreinafélags

verður haldinn miðvikudaginn 28. desember  
2016 kl. 14:00 í húsnæði félagsins að Búðareyri 1

### Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Kosning stjórnar
3. Kjaramál
4. Önnur mál

Ferðir verða samræmdar á næstu skrifstofu félagsins.

AFL Starfsgreinafélag  
sjómannadeild

## Orlofsferð Einingarlöju og Afls Starfsgreinafélags sumarið 2017 Þýskaland-Luxemburg-Trier-Mósel-Rín

Farið verður til Þýskalands 3. til 10. júní 2017, ef næg þátttaka fæst.

Flogið frá Keflavík til Frankfurt og þaðan aftur til Keflavíkur.

Farið verður til Cochem, Lúxemborgar, Bernkastel-Kues, Trier, Rüdesheim, Koblenz.

Gist verður 5 nætur í nágrenni Bernkastel-Kues [www.moselpark.de](http://www.moselpark.de) og 2 nætur í Rüdesheim [www.parkhotel-ruedesheim.de](http://www.parkhotel-ruedesheim.de). Gist verður í tveggja manna herbergjum á hótélum.

Leiðsögumaður verður Harpa Hallgrímsdóttir, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjórar Björn Snæbjörnsson og fulltrúi frá Afli.

Verð kr. 225.000 á mann.

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 40.000.

### Innifalið í verði:

- Akstur: Allur akstur erlendis. Flug: Keflavík – Frankfurt – Keflavík.
- Gisting: 7 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
- Sjö kvöldverðir innifaldir erlendis.
- Sigling á Rín, vínsmökkun hjá vínbónda.

### Ekki innifalið í verði:

- Ferðir og gisting innanlands og aðgangseyrir í söfn og á áhugaverða staði þar sem greiða þarf aðgangseyri.

Ferðin er samstarfsverkefni Einingar-löju og AFLs Starfsgreinafélags.